

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 14. janúar 2010 í máli nr. S-294/2009:

Ákærvaldið

(Eyjólfur Ármannsson fulltrúi)

gegn

Ingibergi Oddssyni

(Garðar G. Gíslason hdl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 17. desember 2009, var höfðað með ákæru, útgefinni af ríkislögreglustjóranum 31. mars 2009, á hendur Ingibergi Oddssyni, kt. [...], Vogagerði 10, Vogum:

A.

Fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum framin í rekstri einkahlutafélagsins Lyngfellsverktakar ehf., kt. [...], sem ákærði Ingibergur var framkvæmdastjóri og prókúruhafi fyrir, með því að hafa:

1. Staðið skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum vegna uppgjörstímabilanna mars-apríl, maí-júní og júlí-ágúst 2006 og eigi á lögmæltum tíma, og hafa eigi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum vegna uppgjörstímabilanna september-október og nóvember-desember 2006 og janúar til og með október 2007, og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins vegna uppgjörstímabilanna júlí-ágúst og nóvember-desember 2006 og janúar-febrúar og júlí til og með október 2007, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, samtals að fjárhæð 8.459.391 kr., sem sundurliðast sem hér greinir:

<i>Uppgjörstímabil</i>	<i>Vantalin skattskyld velta</i>	<i>Vangoldinn VSK:</i>
Árið 2006		

Mars-apríl	kr.	0	kr.	0
Maí-júní	kr.	0	kr.	0
Júlí-ágúst	kr.	-2.409.639	kr.	1.179.096
September-október	kr.	7.860.035	kr.	0
Nóvember- desember	<u>kr.</u>	<u>8.108.828</u>	<u>kr.</u>	<u>93.405</u>
Samtals:	kr.	13.559.224	kr.	1.272.501
Árið 2007				
Janúar-febrúar	kr.	5.011.246	kr.	627.569
Mars-apríl	kr.	0	kr.	-24.205
Júlí-ágúst	kr.	25.297.992	kr.	4.117.895
September-október	<u>kr.</u>	<u>11.244.980</u>	<u>kr.</u>	<u>2.465.631</u>
Samtals:	kr.	41.554.218	kr.	7.186.890
				-
Samtals:	kr.	<u>55.113.442</u>	kr.	<u>8.459.391</u>

2. Eigi staðið skil á skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma vegna tímabilanna janúar til og með mars 2007 og maí til og með ágúst 2007, hafa eigi staðið skil á skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda vegna tímabilanna apríl, október og nóvember 2007 og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli í III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna tímabilanna desember 2006 til og með nóvember 2007, samtals að fjárhæð 7.830.433 kr., sem sundurliðast sem hér greinir:

Greiðslutímabil:

Vangoldin staðgreiðsla:

Árið 2006

desember	kr.	780.539	<u>kr. 780.539</u>
----------	-----	---------	--------------------

Árið 2007

janúar	kr.	1.027.693	
--------	-----	-----------	--

febrúar	kr.	842.731	
---------	-----	---------	--

mars	kr.	980.214	
------	-----	---------	--

apríl	kr.	343.290	
-------	-----	---------	--

maí	kr.	525.329	
-----	-----	---------	--

júní	kr.	643.245	
------	-----	---------	--

júlí	kr.	569.629	
------	-----	---------	--

ágúst	kr.	322.919	
-------	-----	---------	--

september	kr.	327.784	
-----------	-----	---------	--

október	kr.	772.721	
---------	-----	---------	--

nóvember	kr.	694.339	<u>kr. 7.049.894</u>
----------	-----	---------	----------------------

Samtals

kr. 7.830.433

-

B.

Á hendur Ingibergi fyrir meiri háttar brot gegn skatta- og bókhaldslögum, framin í sjálfstæðri atvinnustarfsemi ákærða, með því að hafa:

1. Staðið skil á efnislega röngu skattframtali gjaldárið 2007, vegna tekna árið 2006, sem skattskyldar eru samkvæmt 1. tölulið a-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, og hafa með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts og útsvars samtals að fjárhæð 2.011.630 kr. og sundurliðast sem hér greinir:

Rekstrarárið 2006		
Rekstrartekjur:	kr.	11.599.801
Rekstrargjöld:	kr.	<u>6.130.442</u>
Tekjuskattsstofn samkvæmt rannsókn:	kr.	5.469.359
<i>Vantalinn tekjuskatts- og útsvarsstofn:</i>	<i>kr.</i>	<i>5.469.359</i>
Vangreiddur tekjuskattur, tekjuskattsprósenta 23,75%	kr.	1.298.973
Vangreitt útsvar, útsvarsprósenta 13,03%	kr.	712.657
Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:	kr.	2.011.630

2. Eigi staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum vegna uppgjörstímabilanna frá janúar til og með október 2006 og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í sjálfstæðri atvinnustarfsemi hans, framangreind uppgjörstímabil, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, samtals að fjárhæð 2.346.337 kr., sem sundurliðast sem hér greinir:

<i>Uppgjörstímabil</i>	<i>Vantalin skattskyld velta</i>	<i>Vangoldinn VSK:</i>		
Árið 2006				
Janúar-febrúar	kr.	1.614.458	kr.	165.812
Mars-apríl	kr.	5.228.916	kr.	1.142.274
Mái-júní	kr.	3.007.230	kr.	610.057
Júlí-ágúst	kr.	1.749.197	kr.	428.194
				-
<i>Samtals:</i>	<i>kr.</i>	<u>11.599.801</u>	<i>kr.</i>	<u>2.346.337</u>

3. Fyrir meiri háttar brot gegn bókhaldslögum með því að hafa látið undir höfuð leggjast að færa tilskilið bókhald vegna sjálfstæðrar atvinnustarfsemi sinnar á rekstrarárinu 2006.

Framangreind brot ákærða samkvæmt 1. og 2. tölulið A-hluta ákæru og 1. og 2. tölulið B-hluta eru talin varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig:

a) 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005 að því er varðar 1. tölulið A-hluta og 2. tölulið B-hluta ákæru.

b) 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005 að því er varðar 2. tölulið A-hluta ákæru.

c) 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 107. gr. laga nr. 129/2004 að því er varðar 1. tölulið B-hluta ákæru.

Framangreind brot ákærða samkvæmt 3. tölulið B-hluta ákæru eru talin varða við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig 1. tölulið 1. mgr. 37. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1995.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði gerir aðallega kröfu um að ákærunni eða einstökum liðum hennar verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins. Til þrautavara gerir hann kröfu um að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa í öllum ákæruliðum. Þá gerir verjandi ákærða kröfu um hæfileg málsvarnarlaun sér til handa og að málsvarnarlaunin sem og allur annar sakarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði. Með úrskurði dómsins 30. september 2009 var frávísunarkröfu ákærða hafnað.

I.

Málsatvik eru þau að hinn 14. janúar 2008 hófst rannsókn skattrannsóknar stjóra ríkisins á skilum afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda hjá Lyngfells verktökum ehf., sem ákærði var framkvæmdastjóri fyrir, og 11. febrúar sama ár hófst rannsókn á hendur ákærða á bókhaldi og skattskilum hans.

Ákærði var yfirheyrður hjá skattrannsóknarstjóra 24. janúar 2008 þar sem hann lýsti því m.a. að hann væri starfsmaður og framkvæmdastjóri Lyngfellsverktaka ehf. Hann og Kristín Ösp Jóhannsdóttir, eiginkona hans, hefðu séð í sameiningu um daglegan rekstur félagsins. Kristín Ösp hefði séð um færslu bókhalds, skilagreiðslu og launaútreikninga. Við yfirheyrslu á Kristínu Ösp hinn 24. janúar 2008 kvaðst hún hafa séð um daglegan rekstur félagsins ásamt ákærða og bróður hans, en sá síðarnefndi hefði hætt afskiptum af félaginu sumarið 2007. Hún kvaðst hafa fært bókhaldið en um tíma hafi Jón S. Þorbergsson viðskiptafræðingur gert það. Einnig sagðist hún hafa annast launaútreikning og útreikning staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir félagið.

Skýrsla skattrannsóknarstjóra vegna rannsóknar málsins var send ríkisskattstjóra og með úrskurði hans 16. september 2008 voru endurákvörðuð opinber gjöld og virðisaukaskattur á ákærða með álagi. Þá kvað ríkisskattstjóri upp úrskurð í máli Lyngfellsverktaka ehf. hinn 4. nóvember 2008 um breytingu á virðisaukaskatti og beitingu álags.

Með bréfi skattrannsóknarstjóra, dags. 10. október 2008, var málið sent efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra til refsimeðferðar. Kærðir voru ákærði og Kristín Ösp Jóhannsdóttir, þáverandi eiginkona hans. Skattaðilar voru Lyngfells verktakar ehf. og ákærði.

Ákærði var yfirheyrður hjá ríkislögrelustjóra 19. janúar 2009 þar sem hann var inntur eftir því eða hverjir hefðu annast daglega fjármálastjórn félagsins og borið ábyrgð á hvers konar skattskilum. Hann kvaðst sjálfur hafa, sem framkvæmdastjóri félagsins, tekið allar ákvarðanir um fjármálastjórn, þ.e. um hvað hefði verið greitt og hvað ekki. Hann bæri því fulla ábyrgð á öllum skattskilum. Spurður um aðkomu Kristínar Aspar lýsti hann því að hún hefði annast almenn skrifstofustörf fyrir félagið, en ekkert haft með neinar ákvarðanir að gera varðandi ráðstöfun fjár, en þær hefði hann annast.

II.

Ákærði lagði fram skriflega greinargerð í málinu. Ákærði telur, hvað varðar 2. tl. A-hluta ákæru, að líta beri til þess að af gögnum málsins verði ráðið að nokkurri fjárhæð hafi verið ráðstafað til greiðslu opinberra gjalda Lyngfellsverktaka ehf. Af dómum Hæstaréttar, m.a. í dómasafni árið 2000, bls. 2387, og dómi réttarins frá 2. október 2003, í málinu nr. 27/2003, megi ráða að taka beri tillit til greiðslna aðila á opinberum gjöldum við meðferð mála sem þessara. Ákærði vísar sérstaklega í þessu sambandi til dóms Hæstaréttar frá 15. janúar 1999, í málinu nr. 20/1999, en í því máli hafi verið við ákvörðun vangreiddra fjárhæða m.a. tekið tillit til innborgunar sem innheimtumaður ríkissjóðs hafði ráðstafað inn á opinber gjöld skattaðila.

Ákærði mótmælir því að brot samkvæmt B-hluta ákærunnar varði við 262. gr. almennra hegningarlaga. Fjárhæðir séu óverulegar, hin meintu brot varði stuttan tíma og hafi ekki verið framin með sérstaklega vítaverðum hætti í skilningi ákvæðisins, né við aðstæður sem auki mjög saknæmi brotsins. Þá sé ekki um ítrekun að ræða. Um þetta megi m.a. vísa til dómasafns Hæstaréttar árið 2000, bls. 3371 og dóma Hæstaréttar 18. apríl 2002, í málinu nr. 29/2002 og 15. júní 2006, í málinu nr. 38/2006.

Ákærði bendir sérstaklega á, vegna 1. töluliðar B-hluta ákæru, að á því sé byggt af hálfu ákæruvaldsins í ákæru að ákærði hafi staðið skil á efnislega röngu skattframtali og með því komið sér undan greiðslu tekjuskatts og útsvars, svo sem byggt sé á í verknaðarlýsingu í ákæru. Af úrskurði ríkisskattstjóra á málsskjali nr. I.2.2 verði hins vegar skýrlega ráðið að álagning opinberra gjalda ákærða gjaldárið 2007, vegna tekjuársins 2006, hafi ekki verið byggð á ætluðu efnislega röngu skattframtali ákærða, líkt og verknaðarlýsing í ákæru gangi út á, heldur á áætlun skattstjóra á skattstofnum. Við endurákvörðun ríkisskattstjóra á skattstofnum ákærða lækkaði þannig stofn til álagningar tekjuskatts- og útsvars ákærða umtalsvert. Verknaðarlýsing í ákæru sé þannig röng.

Þá vekur ákærði athygli á því að í kæru Jóns S. Þorbergssonar, f.h. ákærða, til ríkisskattstjóra, vegna áætlunar á álagningu árána 2005 og 2006 (framtöl 2006 og 2007), sé gengið út frá skiptingu á framtali tekna ákærða á tvö skattframtöl, fyrir og eftir það tímamark er ákærði gekk í hjúskap, svo sem heimilt sé að lögum.

Í þessu sambandi vísar ákærði enn fremur til 2. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003, sem miði refsíákvörðun við fésektir er aldrei skuli nema lægri fjárhæð en tvöfaldri skattfjárhæð af þeim skattstofni sem á vantar ef áætlun reynist of lág við endurreikning skatts. Að öðrum kosti komi þá ekki til fésektarákvörðunar, þ.e. hafi

áætlun verið nægilega há í upphafi. Líkt og áður segir sætti ákærði augljóslega áætlun við upphaflega álagningu skatts af hálfu skattstjóra, en sætti síðan lækkun álagningarinnar við endurákvörðun ríkisskattstjóra, þannig að áætlun skattstofna reyndist ekki of lág, heldur of há.

Um 2. t.l. B-hluta ákæru segir ákærði að algerlega ófullnægjandi rannsókn hafi átt sér stað af hálfu lögreglu vegna krafna sem ekki hafi fengist innheimtar og tapast í rekstrinum. Í stað þess að ganga úr skugga um hvort kröfur þessar hafi í reynd fengist greiddar með rannsókn hjá viðkomandi viðskiptamanni, Akkorði ehf., hafi verið látið við það sitja af hálfu lögreglu að prenta út úr vanskilaskrá Creditinfo upplýsingar um stöðu þessa félags. Í greinargerð ákærða áskilur hann sér rétt til að afla og leggja fram gögn varðandi hinar töpuðu kröfur.

Varðandi 3. tölulið B-hluta ákæru segir ákærði að smærri rekstraraðilum hafi í framkvæmd verið játaður rúmur réttur til færslu bókhalds og gerðar ársreiknings þannig að vinnu sé þá fyrst lokið nokkru eftir lok rekstrarárs. Megi í þessu sambandi vísa til dóms Héraðsdóms Reykjaness 16. febrúar 2000, í málinu nr. S-1343/1999. Færslu bókhalds ákærða hafi að fullu verið lokið, en það verið afhent skattrannsóknarstjóra ríkisins 22. febrúar 2008. Eins og áður hefur verið rakið var mál þetta höfðað með ákæru, útgefinni af ríkislögreglustjóranum 31. mars 2009, á hendur ákærða.

III.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði greindi frá því að hann hefði verið framkvæmdastjóri Lyngfells verktaka ehf. Ákærði sagði að hann hefði ekki borið ábyrgð á ákvörðunum varðandi fjármálastjórn og skattskil, heldur Kristín Ösp Jóhannsdóttir. Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu um að Kristín Ösp hefði annast almenn skrifstofustörf og ekki tekið neinar ákvarðanir varðandi ráðstafanir fjár, en hann hefði annast þær. Ákærði svaraði því til að við skýrslutökuna hefði hann ráðfært sig við rannsóknarann og spurt hvort hugsanlegt væri að þau yrðu bæði dæmd í fangelsi. Rannsóknarinn hefði sagt að það væri aldrei að vita hvernig það færi. Ákærði hefði þá sagt að hann vildi taka alla ábyrgð á sig, þar sem hann vildi ekki að þau færu bæði í fangelsi, barna þeirra vegna. Ákærði kvaðst hafa rætt þetta nokkrum sinnum við rannsóknarann. Þá sagði ákærði að rannsóknarinn hefði sagt að ákærði þyrfti ekki verjanda vegna skýrslutökunnar en hann gæti það ef hann vildi. Inntur eftir því hvort ákærði hefði ekki borið einhverja ábyrgð sem framkvæmdastjóri kvaðst hann ekkert hafa séð um bókhald og ákvarðanir verið teknar sameiginlega. Hann kvaðst ekki hafa vitað hvað hann væri að fara út í sem framkvæmdastjóri. Fram kom hjá ákærða að hann og Kristín Ösp væru skilin. Aðspurður hvort það væri skýringin á breyttum framburði ákærða svaraði hann því játandi og sagði jafnframt að rétt skuli vera rétt. Inntur eftir því hvort það hefði aldrei hvarflað að honum að sem framkvæmdastjóra bæri honum að sjá um þessa hluti svaraði hann neitandi. Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu þar sem hann kveðst bera ábyrgð á því að virðisaukaskattsskýrslum hefði ekki verið skilað á árinu 2006 og 2007 og hann hefði reynt að senda rafrænar skýrslur sem hefðu ekki komist til skila, en hann hefði haldið að þær hefðu skilað sér. Um þetta sagði ákærði að hann hefði við skýrslutökuna hjá lögreglu hringt í Kristínu Ösp og spurt hana um ýmis atriði varðandi skil á skýrslum. Spurður hvort það væri rétt að

staðin hefðu verið skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum, sbr. 1. tl. A-hluta ákærunnar, kvaðst ákærði ekki geta svarað því eða öðrum ákæruliðum.

Vitnið Birgir Sigmundsson rannsóknarlögreglumaður kvaðst ekki muna sérstaklega eftir skýrslu sem vitnið tók af ákærða. Vitnið sagði hins vegar að á löngum starfsferli sínum hefði vitnið aldrei ráðið nokkrum frá því að hafa verjanda. Vitnið kvaðst þess vegna neita því að hafa ráðið ákærða frá því að hafa verjanda. Um ástæðu þess að ekki var tekin skýrsla af Kristínu Ösp hjá lögreglu lýsti vitnið því að það hefði staðið til að gera það þar sem þau hefðu bæði verið kærð. Þegar ákærði hafi verið búinn að gefa skýrslu hjá lögreglu og sagt að hann hefði tekið allar ákvarðanir um fjármálastjórn, þ.e. hvað hafi verið greitt og hvað ekki, þótti ekki ástæða til að taka skýrslu af henni. Ákærði hefði sagt að hann bæri alla ábyrgð af hálfu félagsins á öllum skattskilum félagsins á umræddum tímabilum. Þá hefði ákærði verið spurður um störf Kristínar Aspar og svarað því til að hún hafi annast almenn skrifstofustörf fyrir félagið og ekkert haft með neinar ákvarðanir að gera um ráðstöfun fjár. Þau mál hafi ákærði annast. Vegna þessa afgerandi framburðar ákærða hefði vitnið metið það svo að ekki væri tilefni til að yfirheyra hana.

Vitnið Kristín Ösp Jóhannsdóttir greindi frá því að hún hefði verið stjórnarmaður í Lyngfellsverktökum ehf. á árunum 2006 og 2007. Vitnið kvaðst hafa séð um bókhaldið, nánar tiltekið fjárhagsbókhaldið og skil á skatt- og virðisaukaskýrslum ásamt launaútreikningi. Ákærði hefði eiginlega ekkert komið að bókhaldinu. Um það hvort ákærði hefði ekki sinnt skyldum sínum sem framkvæmdastjóri sagði vitnið að þegar félagið hefði verið stofnað hafi það verið gert hjá endurskoðanda og þeim ekkert verið sagt um hvaða ábyrgðir og skyldur það fæli í sér. Ákærði hefði séð um almennan rekstur út á við en vitnið um bókhaldið. Vitnið sagði að þau hefðu ekki gert sér grein fyrir skyldum sínum og ábyrgð. Borinn var undir vitnið framburður ákærða hjá lögreglu um að hann hefði sem framkvæmdastjóri tekið allar ákvarðanir um fjármálastjórn, þ.e. hvað væri greitt og hvað ekki. Þá hefði hann sagt að vitnið hefði annast öll almenn skrifstofustörf. Aðspurt hvort þetta væri rétt kvaðst vitnið hafa séð um bókhald og skrifstofustörf. Þegar vitnið var spurt um aðkomu sína að fjármálastjórn sagði hún að þau hefðu verið með vitlausa forgangsröðun og látið launin ganga fyrir sköttum. Um það hvort þetta hefði verið sameiginleg ákvörðun vitnisins og ákærða sagði hún „já og nei“. Þau hefðu viljað að „strákarnir“ fengju sín laun og þá hafi yfirleitt verið lítið fé eftir. Vitnið sagði að þau hefðu ekki gert sér grein fyrir mikilvægi þess að láta vörsluskatta ganga fyrir.

IV.

Í A-hluta ákærunnar eru ákærða gefin að sök meiri háttar brot gegn skattalögum framin í rekstri einkahlutafélagsins Lyngfellsverktakar ehf. Þá eru ákærða í B-hluta ákærunnar gefin að sök meiri háttar brot gegn skatta- og bókhaldslögum framin í sjálfstæðri atvinnustarfsemi ákærða.

Ákærði var framkvæmdastjóri Lyngfellsverktaka ehf. á þeim tímabilum sem um ræðir í A-hluta ákæru. Samkvæmt 2. og 3. mgr. 44. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 bar ákærða að annast daglegan rekstur félagsins. Í því felst m.a. að sjá til þess að staðin væru skil á opinberum gjöldum og að bókhald væri fært í samræmi við lög og venjur. Ákærði getur ekki borið fyrir sig vanþekkingu á skyldu sinni eða varpað ábyrgð sinni á þáverandi eiginkonu sína, Kristínu Ösp Jóhannsdóttur.

Ákærði lýsti því hjá lögreglu að hann beri einn ábyrgð á brotum þeim sem ákært er fyrir og þegar lítið er til vitnisburðar Kristínar Aspar fyrir dómi og stöðu hennar hjá félaginu verður það ekki talinn annmarki á málinu að hún hafi ekki sætt ákæru. Með vísan til framangreinds verður ákærði talinn bera refsíábyrgð vegna þeirra brota sem ákært er fyrir í A-hluta ákærunnar og eru þau rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Þá ber ákærði refsíábyrgð vegna brota sem framin voru í sjálfstæðri atvinnu starfsemi hans, sbr. B-hluti ákæru. Ákærði telur að verknaðarlýsing í 1. tl. B-hluta ákæru sé röng, þar sem álagning opinberra gjalda ákærða gjaldárið 2007 hafi ekki verið byggð á ætluðu efnislega röngu skattframtali ákærða heldur á áætlun skattstjóra á skattstofnum sem hafi reynst of há. Samkvæmt gögnum málsins skilaði ákærði efnislega röngu skattframtali og er hann því sekur um refsiverða háttsemi. Ákærði er þannig sakfelldur fyrir að hafa staðið skil á efnislega röngu skattframtali gjaldárið 2007, vegna tekna árið 2006, samtals 2.011.630 krónum, sbr. 1. tl. B-hluta ákæru. Þá stóð hann eigi skil á virðisaukaskattsskýrslum og skilum á virðisaukaskatti, samtals 2.346.337 krónum, sbr. 2. tl. B-hluta ákæru. Alls er um að ræða 4.357.967 krónur. Að þessu virtu og með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 327/1998 verður að telja brot ákærða í heild sinni meiri háttar. Einnig verður ákærði sakfelldur fyrir meiri háttar brot gegn bókhaldslögum með því að hafa látið undir höfuð leggjast að færa tilskilið bókhald á rekstrarárinu 2006. Ákærði afhenti skattrannsóknarstjóra bókhaldið í febrúar 2008. Ekki er unnt að jata ákærða svo rúman rétt til að færa tilskilið bókhald sem raun er á. Samkvæmt framansögðu eru brot ákærða samkvæmt B-hluta ákæru rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í mars 1973. Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann fjórum sinnum refsingu fyrir umferðarlagabrot á árinu 2000. Sakaferill hans hefur ekki áhrif á refsingu í máli þessu. Við ákvörðun refsingar er til þess að líta að brot ákærða teljast stórfelld. Hvað varðar málsvörn ákærða vegna 2. tl. A-hluta ákæru, um að við refsíákvörðun beri að taka tillit til greiðslna á opinberum gjöldum, verður að líta til þess að samkvæmt yfirliti ríkislögreglustjóra í rannsóknargögnum málsins, um afdregna staðgreiðslu skatta af launþegum Lyngfellsverktaka ehf., er ekki um að ræða innborganir og ráðstafanir á þeim hjá innheimtumanni ríkissjóðs inn á skuldina. Hins vegar var um að ræða greiðslur og ráðstöfun þeirra hjá innheimtumanni ríkissjóðs vegna skuldar á virðisaukaskatti 2007, sbr. 1. tl. A-hluta ákæru. Vegna athugasemda ákærða um ætlaðar tapaðar kröfur ber að líta til þess að við rannsókn málsins var gjaldfærni skuldara könnuð með athugun í vanskilaskrá. Þá greindi ákærði frá því við skýrslutöku lögreglu að tilraunir hans til að innheimta kröfurnar hefðu verið árangurslausar. Ákærði hefur ekki lagt fram gögn um ætlaðar tapaðar kröfur, eins og hann hafði uppi áskilnað um í greinargerð sinni. Tapaðar kröfur hafa því ekki áhrif á refsíákvörðun hér. Hins vegar ber að nokkru að taka tillit til þess sem fram hefur komið í málsvörn ákærða um 1. tl. B-hluta ákæru.

Að öllu þessu virtu og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sjö mánuði, sem verður bundin skilorði eins og nánar greinir í dómsorði. Þá verður ákærða jafnframt gerð sekt. Brot ákærða lúta einkum að því að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum og skilagreinum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda. Rétt þykir með hliðsjón af dómaframkvæmd að miða sekt við lögbundið lágmark, eða tvöfalda skattfjárhæð af skattstofni, að öðru leyti en því sem varðar brot ákærða um skil á efnislega röngum virðisaukaskattsskýrslum tímabilið mars-ágúst 2006, sbr. 1. tl. A-hluta ákæru, þar

sem miðað verður við þrefalda skattfjárhæð af skattstofni. Samkvæmt framansögðu þykir sekt ákærða hæfilega ákveðin 42.000.000 króna, en um vararefsingu fer samkvæmt því sem í dómsorði greinir.

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað málsins. Um er að ræða þóknun verjanda ákærða sem þykir hæfilega ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu, 367.275 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ingibergur Oddsson, sæti fangelsi í sjö mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum þremur árum frá birtingu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 42.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa skal ákærði sæta í hennar stað fangelsi í sex mánuði.

Ákærði greiði í sakarkostnað 367.275 króna þóknun skipaðs verjanda síns, Garðars G. Gíslasonar héraðsdómslögmanns.

Sandra Baldvinsdóttir